

ÁRSSKÝRSLA

SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS



2017

Skipulag Sláturfélags Suðurlands svf. 31.12.2017

Stjórn:

Hallfreður Vilhjálmsson, Kambshóli, formaður
Kristinn Jónsson, Staðarbakka, varaformaður
Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir, Hrafnkelsstöðum I, ritari
Ingibjörg Daníelsdóttir, Fróðastöðum
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2

Varastjórn:

Aðalsteinn Guðmundsson, Húsatóftum II
Björn Harðarson, Holti I
Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
Þorsteinn Logi Einarsson, Egilsstaðakoti

Félagskjörnir skoðunarmenn:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Bjarni Jónsson, Selalæk

Varaskoðunarmenn:

Esther Guðjónsdóttir, Sólheimum
Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi

Endurskoðunarnefnd:

Ásbjörn Sigurgeirsson, Ásbjarnarstöðum
Bjarni Jónsson, Selalæk
Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2

Forstjóri:

Steinþór Skúlason

Forstöðumenn aðaldeilda:

Hjalti H. Hjaltason, fjármáladeild
Guðmundur Svavarsson, framleiðsludeild
Steinþór Skúlason, markaðsdeild

Hjalti H. Hjaltason, framkvæmdastjóri Reykjarðs hf.
Máni Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hollt og gott ehf.

Umsjón: Fjármáladeild SS.

Mynd á kápu: Arnar Bergur Guðjónsson, Dynkur í Þjórsá.

Hönnun og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja - umhverfisvottuð prentsmiðja.

Prentað á umhverfisvænan pappír.





SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF

ÁRSSKÝRSLA

2017

**111. STARFSÁR
AÐALFUNDUR 23. MARS 2018**

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Afkoma ársins	5
Lykiltölur úr samstæðureikningi	11
Ársreikningur samstæðunnar	13
Skýrsla stjórnar.....	14
Áritun óháðra endurskoðenda	16
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	18
Efnahagsreikningur	19
Yfirlit yfir eigið fé	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar með ársreikningi	22
Stjórnarhættir	38
Stefnulýsing og starfshættir	40
Félagsdeildir og formenn	41

Ávarp forstjóra

Liðið ár var krefjandi á margan hátt og enn fleiri áskoranir framundan.

Breytingar á smásölumarkaði hertu verðsamkeppni og höfðu neikvæð áhrif á afkomu félagsins bæði heildsölubáttinn og kjötiðnaðinn. Hækkun launakostnaðar hafði verulega neikvæð áhrif á allar rekstrar-einingar sem bregðast verður við með hagræðingu.

Framleiðsla á kindakjöti er um 50% umfram innanlandsmarkað. Verð erlendis er 30-50% lægra en innlent verð. Staðan gat því ekki annað en endað illa með mikilli verðlækkun til sauðfjárbænda. Verð á innanlandsmarkaði hefur lækkað enn meira en verð til bænda og afkoma afurðadeildar því mjög slæm á liðnu ári.

Íslenskur landbúnaður og afurðafyrirtæki standa frammi fyrir mestu breytingum sem orðið hafa í samkeppnisumhverfi þeirra til mjög langs tíma og reyndar ekki séð að hliðstæðar breytingar hafi orðið áður.

Nýr tollasamningur við EB, sem tekur gildi í áföngum á árinu, mun auka innflutning um 2.600 tonn sem er um 8% af heildarkjötmarkaðnum. Tollasamningurinn mun valda röskun í upphafi en áhrifin þynnast út er frá liður og markaðurinn stækkar.


Miklu meiri ógn felst í innflutningi á fersku kjöti sem vofir yfir. Innlend framleiðsla er varin með aðflutningsgjöldum sem eru mishá eftir tollnúmerum og í sumum tilfellum of lág eftir lækkun þeirra um 40% árið 2007 með samningi Íslands við EB. Hægt er að flytja inn t.d. nautakjöt, utan við alla kvóta og án takmarkana, borga full aðflutningsgjöld og vera með kostnaðarverð sem er um 30% undir kostnaði við innlenda framleiðslu. Enn verra er tilfellið með beinlausan ferskan kjúkling sem er eina tollnúmerið þar sem gjöld á fersku kjöti eru umtalsvert lægri en á frosnu kjöti. Ef ekkert er að gert má búast við að ferskur kjúklingur flæði inn á markaðinn á mjög lágu verði og raski allri kjötsölu.

Það mun reyna á aðlögunarhæfni SS við þessar krefjandi aðstæður. Hagræðing verður að vera ofarlega á blaði og að þróa reksturinn inn á svið sem eru ekki eins viðkvæm fyrir auknum innflutningi og önnur. Að því er unnið.

Fjárhagsleg staða SS er mjög sterk og verið byggð upp til að mæta þessum erfiðu aðstæðum sem voru fyrir séðar. Tækifæri liggja meðal annars í aukinni sölu til ferðamanna og útflutningi til valinna markaða.

Íslenskur landbúnaður snýst um miklu fleira en verð á kjöti og mjólk. Virðisaukinn sem fylgir landbúnaði er margháttaður og má meðal annars sjá sem hluta af þjónustu og stuðningi við vaxandi ferðaþjónustu. Þessum virðisauka verður að halda á lofti svo sanngirni sé gætt í umræðu um landbúnaðinn.

Félagsmönnum, starfsfólki og eigendum B hlutabréfa er þakkað gott samstarf á árinu.



Afkoma ársins

Samstæðuársreikningurinn samanstendur af ársreikningi Sláturfélags Suðurlands svf. og dótturfélaga þess, Reykjagarðs hf. og Holtt og gott ehf.

Á árinu 2017 var hagnaður af rekstri Sláturfélags Suðurlands 160,1 m.kr. en 561,6 m.kr. árið áður.

Rekstrartekjur samstæðu Sláturfélags Suðurlands voru 11.740,8 m.kr. árið 2017, en 11.859,4 m.kr. árið áður og lækka því um 1%. Aðrar tekjur voru 12,6 m.kr. en 14,1 m.kr. árið áður.

Vöru- og umbúðanotkun var 5.825,3 m.kr. en 5.877,4 m.kr. árið áður. Launakostnaður var 3.239,5 m.kr. en 2.930,7 m.kr. á fyrra ári. Annar rekstrarkostnaður var 1.984,4 m.kr. en 1.870,3 m.kr. árið áður. Afskriftir voru 399,8 m.kr. en 372,2 m.kr. á fyrra ári. Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 304,4 m.kr., en 822,9 m.kr. árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 108,7 m.kr., en 123,1 m.kr. árið áður. Gengistap var 17,0 m.kr. samanborið við 5,7 m.kr. gengishagnað árið áður.

Reiknaður gjaldfærður tekjuskattur er 35,6 m.kr. en 138,2 m.kr. árið áður. Hagnaður af rekstri ársins var 160,1 m.kr. en 561,6 m.kr. árið áður.

Í árslok 2017 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands bókfærðar á 8.657,2 m.kr. og hækkuðu um 3,7% frá fyrra ári. Fastafjármunir voru 5.552,5 m.kr. og hækkuðu um 13,5%. Veltufjármunir voru 3.104,7 m.kr. og höfðu lækkað um 10,2%.



Eigið fé var 5.181,2 m.kr. og hafði hækkað um 4,6% eða 227,1 m.kr. Eiginfjárhlutfall í lok ársins 2017 var 59,8% en var 59,3% á sama tíma árið áður. Langtímaskuldir og skuldbindingar voru 2.073,5 m.kr. og skammtímaskuldir voru 1.402,5 m.kr. Heildareignir Sláturfélagsins voru því fjármagnaðar þannig, að 16,2% voru skammtímalán, 24,0% voru langtímalán og skuldbindingar, og eigið fé 59,8%.

Veltufjárhlutfall var 2,2 í árslok 2017, en var 2,7 í árslok 2016. Arðsemi eigin fjár var 3,2% á árinu 2017, en 12,3% árið 2016.


Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir alls 855,8 m.kr. á árinu, en fyrir 433,0 m.kr. árið áður. Seldar voru eignir fyrir 17,8 m.kr. Á árinu var fjárfest í fasteignum fyrir 371,0 m.kr., vélum og tækjabúnaði fyrir 422,5 m.kr. og bifreiðum 62,2 m.kr.

Veltufé frá rekstri var 691,3 m.kr. árið 2017, samanborið við 1.187,8 m.kr. árið 2016.

Í árslok 2017 störfuðu 501 starfsmaður hjá Sláturfélaginu sem er fjölgun frá árinu áður er þeir voru 479. Þegar starfsmenn voru flestir hjá félaginu í sláturtíð voru 575 á launaskrá. Unnin ársverk 2017 voru 461, en voru 456 árið áður.



Afurðir




SAUÐFÉ

Slátrun hófst á Selfossi þann 5. september og lauk 8. nóvember. Haustslátrun var alls 114.593 kindur en önnur slátrun var 596 kindur. Alls var slátrað 115.189 kindum á árinu sem gera 1.996 tonn af innvegnum kjöti og af þeim voru 9.175 kindur heimtekna. Meðalþungi innlagðra dilka var 16,5 kg en árið 2016 var hann 16,4 kg.

Heildarverðmæti innlagðra sauðfjárafurða á árinu 2017 var 718,4 m.kr. en var 922,2 m.kr. árið áður.

Á árinu 2017 voru flutt út tæplega 594 tonn. Birgðir kindakjöts í eigu afurðadeildar í lok ársins voru 1.051 tonn á móti 1.269 tonnum árið áður.




NAUT

Heildarslátrun nautgripa árið 2017 var 1.325 tonn af 6.630 sláturgripum og þar af var heimtaka rúmlega 107 tonn. Þetta er 90 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra nautgripaafurða á árinu 2017 var 838,3 m.kr. en var 742,7 m.kr. árið 2016.

Heildarsala nautakjöts á árinu 2017 var 1.226 tonn en var 1.134 tonn árið 2016.

Birgðir nautakjöts í eigu afurðadeildar voru 11 tonn í árslok en voru 12 tonn árið áður.




HROSS

Heildarslátrun hrossa árið 2017 var 492 tonn af 3.766 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 31 tonn. Þetta er 8 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra hrossaafurða á árinu 2017 var 64,9 m.kr. en var 50,5 m.kr. árið áður.

Heildarsala hrossakjöts á árinu 2017 var 466 tonn á móti 437 tonnum árið 2016, þar af voru flutt út rúmlega 385 tonn umreiknað í kjöt í heilu.

Birgðir hrossakjöts í eigu afurðadeildar voru í árslok 29 tonn en voru 33 tonn árið áður.




SVÍN

Heildarslátrun svína árið 2017 var 352 tonn af 4.423 sláturgripum og þar af var heimtaka og verktakaslátrun um 22 tonn. Þetta er 240 tonna minnkun í slátrun frá fyrra ári.

Heildarverðmæti innlagðra svínaafurða á árinu var 146,1 m.kr. en var 215,2 m.kr. árið áður.

Heildarsala svínakjöts á árinu 2017 var 334 tonn en var 524 tonn árið 2016.

Birgðir svínakjöts í eigu afurðardeildar voru engar í árslok eins og árið áður.



KJÚKLINGAR

Heildarslátrun kjúklinga árið 2017 var 4.090 tonn. Þetta er 129 tonna aukning frá fyrra ári.

Heildarsala kjúklinga á árinu 2017 var 4.417 tonn sem er 34 tonna aukning frá fyrra ári.

	Sláturfjöldi		Br. milli ára	
	2017	2016	Stk.	%
Sauðfé	115.189	113.116	2.073	1,8%
Nautgripir	6.630	6.496	134	2,1%
Hross	3.766	3.522	244	6,9%
Svín	4.423	7.330	(2.907)	(39,7%)
Kjúklingar	2.535.818	2.393.210	142.608	6,0%

Afurðadeild

Erfiðleikar í afsetningu sauðfjárafurða höfðu umtalsverð áhrif til hins verra á rekstur afurðadeildar á árinu. Framleiðsla umfram innanlandssölu og lágt verð erlendis leiddi til lækkandi söluverðs innanlands. Sterkt gengi krónunnar samhliða óbreyttu eða lækkandi verði í erlendri mynt dró á sama tíma úr tekjum af útflutningi. Þar við bættist áframhaldandi verðlækkun á ýmsum aukaafurðum sem gerði hirðingu og verkun þeirra óarðbæra. Vegna þessa neyddist félagið til að ráðstafa afurðum í dýrafóður eða kjötmjöl, sem áður stóðu undir hluta afurðaverðs. Því varð ekki hjá því komist að lækka afurðaverð til sauðfjárbænda enn frekar. Það var hinsvegar niðurstaða félagsins að ganga skemur í verðlækkun til bænda en aðrir sláturleyfishafar. Lítilsháttar aukning var í slátrun milli ára.

Þær breytingar sem gerðar voru á verðhlutföllum og skipulagi haustsins 2016 voru þróaðar áfram og heppnuðust vel. Tókst með því að jafna álag á slátruhúsið og fullnýta afköst þess alla sláurtíðina. Sem fyrr brugðust bændur vel við og skipti það sköpum um það hversu vel tókst til.

Þær endurbætur sem gerðar hafa verið á húsnæði og búnaði slátruhússins á Selfossi undanfarin ár, samhliða breytingum á vinnuaðferðum og vinnutíma skila sér í auknum afköstum og meiri gæðum. Starfsmannahópurinn var að stærstum hluta sá sami og undanfarin ár og var frábær. Stjórnun var góð og góður vinnuandi ríkti í stöðinni. Þetta allt skilaði góðri verkun, lítilli gæðafellingu og meiri afköstum.

Enn frekari áhersla hefur verið lögð á fullvinnslu afurða strax í sláurtíð og fer úrbeining, pökkun og frýsting fram bæði á Selfossi og Hvolsvelli í góðri samvinnu beggja stöðva.

Umtalsverð aukning varð í unguneytaslátrun á árinu, en kýrslátrun dróst lítilsháttar saman. Framboð á nautgripum til slátrunar var jafnt mestan part ársins, en jókst verulega umfram mikla slátrun á haustmánuðum. Af þeim sökum skapaðist talsverð bið eftir slátrun í lok árs þrátt fyrir að SS hafi aukið eigin innkaup og slátrað inn á frost til að stytta bið eftir slátrun. Vaxandi innflutningur nautakjöts á lágu verði gerir afsetningu erfiðari. Aðflutningsgjöld hafa ekki fylgt verðlagsþróun og nú er svo komið að hægt er að flytja inn nautakjöt með fullum gjöldum og selja langt undir verði innlendrar framleiðslu. Þar hefur sterkt gengi einnig áhrif til hins verra.

Metið hefur verið eftir nýju EUROP kjötmatskerfi nautgripa, samhliða eldra kerfi frá miðju ári og stefnt að innleiðingu nýja kerfisins að fullu á fyrri hluta árs 2018. Bið var eftir slátrun á hrossum í upphafi árs, en líkt og áður ríkti skortur um mitt ár. Nauðsynlegt er að jafna framboð slátruhrossa sem mest yfir árið svo hægt sé að afgreiða fastar vikulegar pantanir á fersku kjöti til erlendra viðskiptavina, en félagið hefur á undanförunum áratug þróað viðskiptasamband erlendis með ferskt hrossakjöt með góðum árangri. Folaldaslátrun jókst talsvert milli ára, en samdráttur varð í svínaslátrun.



Um árabíl hefur stöðin á Selfossi staðist ýtrustu kröfur og úttektir þeirra innlendu og erlendu skoðunarmanna, yfirvalda og eftirlitsaðila sem hana hafa heimsótt. Þessar heimsóknir eru sumar fyrirvaralausar og óundirbúnar á meðan aðrar þarfnast gríðarlegs undirbúnings líkt og úttekt kínverskrar sendinefndar sem tók út alla þætti starfseminnar á haustmánuðum með tilliti til innflutningsleyfis til Kína og gekk mjög vel.

Kjötiðnaður

Kjötvinnsla SS á Hvolsvelli er í fararbroddi íslensks kjötiðnaðar þar sem framleiddar eru margar af þekktustu matvörum landsins úr afurðum félagsmanna. Fagmennska og gæði eru í fyrirrúmi, sem endurspeglast í áherslum á fagþekkingu og fræðslu til starfsmanna og metnaðarfullrar gæðastefnu. Fjárfest var í nýjum tækjum og búnaði af fullkomnustu gerð til að auka afköst og samkeppnishæfni.



Áhersla er á enn frekari uppbyggingu starfseminnar á Hvolsvelli. Vinna stendur yfir við hönnun viðbyggingar, sem gjörbreyta mun aðstöðu og skapa ný tækifæri í vinnslu og markaðssetningu framleiðsluvara.

Félagið keypti á árinu fimm einbýlishús sem það hafði haft á leigu fyrir starfsmenn sína undanfarin ár. Á 110 ára afmæli félagsins var skrifað undir viljayfirlýsingu þess og Rangárþings eystra um úthlutun lóða undir 24 smábúðir sem félagið hyggst byggja fyrir starfsmenn sína. Framkvæmdir hófust við byggingu 8 íbúða á árinu og er það fyrsti áfangi af þremur.



Þá var áfram unnið að gagngerum endurbótum á elsta hluta bygginganna á Hvolsvelli. Frystiklefar frá árinu 1963 hafa verið sameinaðir og endurbyggðir nánast frá grunni og aðstaða bætt. Þá hefur verið unnið að endurbótum og viðhaldi innan- og utanhúss á öðrum íbúðar- og iðnaðarhúsum félagsins á Hvolsvelli.

Kjötvinnslan hefur um árabíl verið í A-flokki frammistöðuflokkunar Matvælastofnunar, sem felur í sér að stofnunin telur að starfsstöðin viðhafi bestu mögulega starfshætti til að framleiða örugg matvæli. Unnið er að innleiðingu rafræns gæðaskráningarkerfis sem auðveldar enn frekar gæðaeftirlit, rekjanleika og utnumhald um flókna framleiðsluferla.

Vöruþróun viðheldur sterkri stöðu vörumerkja félagsins og unnið er jöfnum höndum að endurbótum eldri vara og þróun nýrra til að mæta kröfum síbreytilegs markaðar.

Innflutningur

Breytingar á smásölumarkaði á vormánuðum höfðu neikvæð áhrif á matvöruhluta innflutningsdeildar. Samt sem áður er staðan sterk en SS er í samstarfi við mörg þekkt alþjóðleg fyrirtæki. Vörumerki innflutningsdeildar hafa sterka stöðu hér á landi enda skapað sér traustan sess í huga neytenda sem gæðavörur. Barilla pasta, tómavörur frá Mutti og sælgætið frá Mars, Uncle Ben's hrísgrjón, McCormick krydd og Borges olíur eru allt gæðavörur sem seljast vel og hafa góða ímynd hjá neytendum.



Búvörudeild SS er vaxandi þáttur í starfsemi félagsins. Á árinu var opnuð vefverslun fyrir búvörur sem eykur þjónustu og einfaldar viðskipti við bændur. Einnig er lögð sérstök áhersla á hestavörur en gæðavörurnar frá Equisana hafa virkilega slegið í gegn. Undir lok ársins var opnuð sérverslun með búvörur á Hvolsvelli. Ný vöruhús í Þorlákshöfn hafa gjörbreytt til hins betra aðstöðu félagsins við innflutning á Yara áburði og tryggja gæði vörunnar alla leið til bænda. Sala á Yara áburði, DLG kjarnfóðri og bætiefnum frá Vitfoss gekk vel á árinu. Sala á rúlluplasti sló öll met en SS og bændur styrktu Krabbameinsfélagið myndarlega með því að láta hluta söluandvirðis á plasti renna til forvarnarstarfs Krabbameinsfélagsins. Sala á sáðvörum og ýmsum öðrum rekstrarvörum til bænda er vaxandi.

Reykjagarður hf

Afkoma félagsins á árinu var góð en þó lakari en árið áður. Aukin verðsamkeppni á markaði, vaxandi innflutningur og verðþrýstingur frá öðrum kjöttegundum setti mark sitt á afkomu ársins. Markaðs- og fjárhagsstaða er samt sem áður mjög sterk og félagið því vel í stakk búið til að takast á við áskoranir sem framundan eru.

Fjárfest var umtalsvert á árinu í vélbúnaði í kjötvinnslunni á Hellu til að auka hagkvæmni í vinnslu. Tvö ný eldishús voru byggð og tekin í notkun undir lok ársins en þau skila um 400 tonna aukningu í framleiðslu á ári. Fjögur ný eldishús eru í byggingu og koma í framleiðslu í vor. Húsnæði framleiðslueldhússins í Garðabæ var tvöfaldað en mikill vöxtur hefur verið í elduðum vörum.

Vöruþróun og fjölbreytni í vöruframboði hefur styrkt rekstur félagsins og ímynd á markaði. Mikill vaxtarbroddur hefur verið í sérlausnum og vöruþróun fyrir veitingastaði og mótuneyti. Markaður fyrir alifuglakjöt eykst stöðugt en tæplega 7% söluaukning var á landsvísi milli ára. Hlutdeild alifuglakjöts á kjötmarkaði var 34% og hefur aldrei verið meiri.



Hollt og gott ehf

Afkoma félagsins versnaði milli ára en breytingar á smásölumarkaði á vormánuðum settu mark sitt á rekstur félagsins. Fjárhagsstaða félagsins er hins vegar mjög sterk. Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í vinnusparandi vélbúnaði ásamt öðrum hagræðingaraðgerðum muni skila bættum rekstri til lengri tíma.

Mikil vöruþróun bæði fyrir neytendamarkað og einnig á sérlausnum í samstarfi við fyrirtæki á veitinga- og mótuneytismarkaði, hefur skilað góðum árangri enda vaxandi markaður með fjölgun ferðamanna.

Með sífellt aukinni umræðu um hollustu matvæla eru mörg spennandi tækifæri framundan fyrir fyrirtæki eins og Hollt og gott.



Fjöldi sláturfjár og meðalpungi dilka

	2017		2016	
	stk.	kg.	stk.	kg.
Öræfadeild	3.921	15,9	4.124	16,7
Hörglandsdeild	3.465	16,3	3.427	16,6
Kirkjubæjarsdeild	4.457	17,1	3.687	17,4
Skaftártungudeild	4.331	16,5	4.303	16,6
Álftavers- og Meðallandsdeild	3.340	15,9	3.549	15,8
Hvamsdeild	2.800	16,3	3.289	16,7
Dyrhóladeild	2.758	15,8	3.195	15,8
A-Eyjafjalladeild	1.960	17,7	2.044	17,6
V-Eyjafjalladeild	4.161	15,7	4.138	15,9
A-Landeyjarsdeild	1.957	16,7	2.551	16,1
V-Landeyjarsdeild	3.814	15,3	3.189	15,9
Fljótshlíðar- og Hvolshreppsdeild	8.063	16,0	7.347	16,2
Rangárvalladeild	3.804	16,1	3.988	16,4
Holta- og Landmannadeild	6.554	16,5	6.178	16,2
Ása- og Djúpsárdeild	4.434	16,4	4.512	16,1
Gaulverjabæjarsdeild	512	17,1	499	16,4
Árborgarsdeild	1.060	16,4	999	16,1
Hraungerðisdeild	2.454	17,9	2.359	17,0
Villingaholtsdeild	2.342	16,8	2.476	16,4
Skeiðadeild	2.875	17,0	2.481	17,0
Gnúpverjarsdeild	3.450	17,4	3.206	17,7
Hrunamannadeild	5.773	16,5	5.139	16,1
Biskupstungnadeild	4.881	17,9	4.591	17,7
Laugardalsdeild	1.026	17,2	981	15,8
Grímsnesdeild	2.330	16,2	2.742	16,2
Þingvalla- og Grafningsdeild	3.889	16,3	3.342	16,0
Ölfusdeild	2.120	17,2	2.038	16,0
Kjósarsdeild	2.516	17,5	2.655	17,7
Hvalfjarðarsdeild	5.626	17,5	5.399	16,2
Borgarfjarðar- og Mýrarsdeild	3.819	16,5	3.864	16,0
Daladeild	3.454	17,1	3.531	16,5
Snæfells- og Hnappadalsdeild	5.802	16,8	5.667	16,3
Utan deilda	1.441	16,4	1.627	15,1

Fjárhæðir eru í þús. kr.

Lykiltölur úr samstæðureikningi

Rekstur	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhæðir í m.kr.					
Rekstrartekjur	11.740,8	11.859,4	10.701,3	10.628,2	10.207,1
Aðrar tekjur	12,6	14,1	21,3	24,2	12,1
Vöru- og umbúðanotkun	(5.825,3)	(5.877,4)	(5.593,8)	(5.734,7)	(5.347,7)
Laun og launatengd gjöld	(3.239,5)	(2.930,7)	(2.554,6)	(2.296,1)	(2.172,0)
Annar rekstrarkostnaður	(1.984,4)	(1.870,3)	(1.848,2)	(1.672,1)	(1.678,6)
Afskriftir	(399,8)	(372,2)	(329,8)	(312,0)	(295,1)
Rekstrarhagnaður	304,4	822,9	396,2	637,5	725,8
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	0,0	0,0	0,9	14,0	22,6
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(108,7)	(123,1)	(112,5)	(117,4)	(175,9)
Hagnaður fyrir skatta	195,7	699,8	284,6	534,1	572,5
Tekjuskattur	(35,6)	(138,2)	(55,0)	(101,0)	(106,3)
Heildarhagnaður ársins	160,1	561,6	229,6	433,1	466,2
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	691,3	1.187,8	724,4	948,1	1.006,2
Efnahagur 31. desember	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhæðir í m.kr.					
Fastafjármunir	5.552,5	4.890,2	4.570,0	4.088,0	3.900,3
Veltufjármunir	3.104,7	3.459,0	3.397,2	3.367,0	3.120,2
Eignir	8.657,2	8.349,2	7.967,2	7.455,0	7.020,5
Eigið fé	5.181,2	4.954,1	4.189,1	3.983,8	3.578,0
Par af A og B-deild stofnsjóðs	529,9	520,6	507,2	496,0	480,7
Langtímaskuldir og skuldbindingar	2.073,5	2.119,3	2.178,8	2.141,0	2.302,1
Skammtímaskuldir	1.402,5	1.275,8	1.599,3	1.330,2	1.140,4
Skuldir samtals	3.476,0	3.395,1	3.778,1	3.471,2	3.442,5
Eigið fé og skuldir	8.657,2	8.349,2	7.967,2	7.455,0	7.020,5
Kennitölur					
EBITDA	704,2	1.195,1	726,0	949,5	1.020,9
Innra virði	9,8	9,5	8,3	8,0	7,4
Veltufjárhlutfall	2,2	2,7	2,1	2,5	2,7
Eiginfjárhlutfall	60%	59%	53%	53%	51%
Ársverk					
Unnin ársverk	461	456	424	409	403

Fjárhæðir eru í þús. kr.



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS SVF

Ársreikningur samstæðunnar

2017

Skýrsla stjórnar

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag og tilgangur félagsins skv. samþykktum er að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins. Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fódurs.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjagarður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holt og gott ehf. er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfstöð félagsins í Reykjavík.

Samstæðuársreikningur Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Afkoma ársins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. á árinu 2017, 160 millj.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 8.657 millj.kr., bókfært eigið fé samstæðunnar er í árslok 5.181 millj.kr. og eiginfjárlutfall er 60%. Meðalfjöldi starfsmanna hjá félaginu á árinu 2017 var 461 starfsmaður.

Stofnsjóðir og eigendur

Stofnsjóðseign í A-deild er í árslok 350 millj.kr. og eiga 2.273 aðilar yfir kr. 1.000 í stofnsjóði, en þeir voru 2.283 árið áður. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði A-deildar.

Stofnsjóðseign í B-deild er 200 millj.kr. sem skiptist á milli 564 hluthafa og fjölgaði þeim um 3 frá síðasta ári. Tíu stærstu hluthafar í B-deild stofnsjóðs eru Landsbankinn hf. með 20,61% hlut, Sameinaði lífeyrissjóðurinn með 15,38% hlut, Birta lífeyrissjóður með 15%, Sláturfélag Suðurlands svf. með 9,96%, Festa lífeyrissjóður með 5,98%, Vátryggingafélag Íslands með 2,84%, Steingrímur Aðalsteinsson með 2,16%, Magnús Benediktsson með 2%, Helgi Eggertsson með 1,19% og Auðhumla svf. með 1,04% hlut í B-deild stofnsjóðs. Eign Sláturfélags Suðurlands er færð til lækkunar á stofnsjóðseign í B-deild meðal eiginfjárreikninga.

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til við aðalfund að greiddur verði 11,73% arður af B-deild stofnsjóðs, þar af er verðbótarþáttur 1,73%, eða alls 21,1 millj.kr. og að reiknaðir verði 4% vextir á höfuðstól inneigna í A-deild stofnsjóðs, alls 14 millj.kr. Stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eign fé félagsins.

Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Sláturfélags Suðurlands svf., sitja tvær konur og þrír karlmenn. Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. uppfyllir því skilyrði 27. gr. laga um Samvinnufélög nr. 22/1991 um kynjahlutföll, en þar er kveðið á um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Stjórnarhættir

Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið sett fram. Sláturfélag Suðurlands svf. hefur sett fram upplýsingar um stjórnarhætti í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Leiðbeiningarnar taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir Sláturfélag Suðurlands svf. ekki að öllu leyti leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Sláturfélag Suðurlands svf. er skráð á First North markaðnum hjá NASDAQ OMX. Ekki er gerð krafa um að fyrir liggi yfirlýsing vegna stjórnarhátta hjá fyrirtækjum sem skráð eru á First North markaðnum. Sláturfélag Suðurlands svf. kys samt sem áður að birta hana og er hægt að nálgast hana á heimasíðu félagsins.

Skýrsla stjórnar



Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Að álit stjórnar og forstjóra Sláturfélags Suðurlands svf. koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunar í árslok 2017, rekstrarárangri ársins 2017 og fjárhagslegri þróun á árinu, auk þess að greina frá áhættustýringu og þeim óvissuþáttum sem samstæðan kann að mæta.

Stjórn og forstjóri Sláturfélags Suðurlands svf. hafa í dag rætt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Stjórn

Hallfreður Vilhjálmsson,
formaður

Kristinn Jónsson, varaformaður
Guðmundur Ómar Helgason
Jóhanna Bríet Ingólfssdóttir
Sverrir Gíslason

Steinþór Skúlason,
forstjóri

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Sláturfélags Suðurlands svf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2017. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Sláturfélagi Suðurlands svf. og dótturfélögum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Sláturfélags Suðurlands svf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi samstæðunnar.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 22. febrúar 2018

Deloitte ehf.

Halldór Arason	Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi	endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sláturfélags Suðurlands svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og samþykktir félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 22. febrúar 2018

Ásbjörn Sigurgeirsson	Bjarni Jónsson
-----------------------	----------------

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur	4	11.740.802	11.859.347
Aðrar tekjur		12.605	14.081
Vöru- og umbúðarnotkun		(5.825.319)	(5.877.403)
Laun og launatengd gjöld	5	(3.239.471)	(2.930.685)
Annar rekstrarkostnaður		(1.984.379)	(1.870.273)
Afskriftir fastafjármuna	9	(399.826)	(372.189)
Rekstrarhagnaður		304.413	822.878
Fjármunatekjur		37.866	37.677
Fjármagnsgjöld		(146.544)	(160.756)
	6	(108.678)	(123.079)
Hagnaður fyrir skatta		195.735	699.799
Tekjuskattur	7	(35.617)	(138.171)
Heildarhagnaður ársins		160.117	561.628
Hagnaður á hlut			
Hagnaður á hlut	8	0,30	1,09

Efnahagsreikningur 31. desember 2017



Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	5.539.341	4.882.493
Eignarhlutar í félögum		13.150	7.675
		<u>5.552.491</u>	<u>4.890.168</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	11	1.662.493	1.658.348
Viðskiptakröfur	12	1.186.627	1.242.659
Aðrar skammtímakröfur	13	99.741	47.036
Handbært fé	14	155.866	511.000
		<u>3.104.727</u>	<u>3.459.043</u>
Eignir		<u>8.657.218</u>	<u>8.349.211</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Stofnsjóður A-deild		349.814	340.550
Stofnsjóður B-deild		180.074	180.074
Yfirverðsreikningur hlutafjár		159.111	159.111
Lögbundinn varasjóður		137.454	135.138
Annað bundið eigið fé		1.401.246	1.237.388
Óráðstafað eigið fé		2.953.481	2.901.815
Eigið fé		<u>5.181.181</u>	<u>4.954.076</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Langtímaskuldir	16	1.624.066	1.684.005
Eftirlaunaskuldbinding		0	22.900
Tekjuskattsskuldbinding	7	449.410	412.420
		<u>2.073.476</u>	<u>2.119.325</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	17	469.654	421.738
Skuldir við lánastofnanir		130.903	6.544
Aðrar skuldbindingar	18	92.463	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	19	84.502	84.324
Ógreiddir reiknaðir skattar	7	23.477	123.973
Aðrar skammtímaskuldir	20	601.562	639.231
		<u>1.402.561</u>	<u>1.275.810</u>
Skuldir		<u>3.476.037</u>	<u>3.395.135</u>
Eigið fé og skuldir		<u>8.657.218</u>	<u>8.349.211</u>

Yfirlit yfir eigið fé 1. janúar - 31. desember 2017

Eigið fé

	Stofnsjóður A-deild	Stofnsjóður B-deild	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Annað bundið fé	Óráðst. eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2016	327.134	180.074	159.111	131.783	683.134	2.707.831	4.189.067
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	10.598						10.598
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(10.088)						(10.088)
Reiknaðir vextir af A-deild	16.133					(16.133)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta A-deild	(3.227)						(3.227)
Greiddur arður af B-deild						(21.610)	(21.610)
Sérstakt endurmat					227.708		227.708
Sérstakt endurmat millifært					(28.608)	28.608	0
Heildarhagnaður ársins						561.628	561.628
Millifært í annað bundið eigið fé...					355.154	(355.154)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð				3.355		(3.355)	0
Eigið fé 31.12.2016	340.550	180.074	159.111	135.138	1.237.388	2.901.815	4.954.076
Stofnsjóðsinngreiðslur A-deild	9.903						9.903
Stofnsjóðsútgreiðslur A-deild	(14.242)						(14.242)
Reiknaðir vextir af A-deild	17.004					(17.004)	0
Fjárm.tekjusk. v. vaxta af A-deild ..	(3.401)						(3.401)
Greiddur arður af B-deild						(21.789)	(21.789)
Sérstakt endurmat					96.516		96.516
Sérstakt endurmat millifært					(22.228)	22.228	0
Heildarhagnaður ársins						160.117	160.177
Millifært á annað bundið eigið fé..					89.570	(89.570)	0
Tillag í lögbundinn varasjóð				2.316		(2.316)	0
Eigið fé 31.12.2017	349.814	180.074	159.111	137.454	1.401.246	2.953.481	5.181.181

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		304.413	822.878
Afskriftir	9	399.826	372.189
Söluhagnaður fastafjármuna		(5.620)	(8.859)
(Lækkun), hækkun efirlaunaskuldbindinga		(7.300)	1.600
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		691.319	1.187.808
Vörubirgðir, (hækkun), lækkun		(4.145)	379.561
Aðrar rekstrartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		10.626	(24.903)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(7.689)	(256.542)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		690.111	1.285.924
Innborgaðir vextir og arður		27.199	37.817
Greiddir vextir		(99.705)	(114.870)
Greiddir skattar	7	(123.252)	(20.748)
Handbært fé frá rekstri		494.353	1.188.123
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	9	(855.767)	(432.961)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		17.821	13.980
Kaup í öðrum félögum		(7.680)	0
Afborganir skuldabréfa		0	20.419
		(845.626)	(398.562)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímaskulda		(89.616)	(193.455)
Nýjar langtímaskuldir		0	10.655
Hækkun/(lækkun) á skammtímaskuldum við lánastofnanir		124.359	(166.585)
Stofnsjóðsgreiðslu A-deild	15	(7.740)	(2.718)
Greiddur arður af B-deild stofnsjóðs	15	(21.789)	(21.610)
		5.214	(373.713)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(346.060)	415.848
Handbært fé í upphafi árs		511.000	101.413
Gengismunur á handbæru fé		(9.075)	(6.261)
Handbært fé í lok árs		155.866	511.000

I. Starfsemi

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess.

Sláturfélag Suðurlands svf. er samvinnufélag, í eigu búvöruframleiðenda á félagssvæði sínu og almennra hluthafa. Félagið starfar á grundvelli laga um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Sláturfélagsins skv. samþykktum er Vestur-Skaftafellssýsla, Austur-Skaftafellssýsla austur að Jökulsá á Breiðamerkursandi, Rangárvallasýsla, Árnessýsla, Kjósar- og Gullbringusýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrarsýsla, Snæfells- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla auk bæja og kaupstaða innan framangreindra svæða.

Tilgangur félagsins er skv. samþykktum, að annast slátrun, úrvinnslu og sölu á framleiðslu félagsmanna. Félagið flytur einnig inn vörur og stundar aðra verslun eftir því sem það styrkir sölu á framleiðslu félagsins.

Með hliðsjón af tilgangi félagsins og stöðu þess er höfuðmarkmið félagsins að vera leiðandi matvælafyrirtæki sem starfar á heildsölustigi og dreifir vörum á landsvísi. Félagið starfar á þremur sviðum, slátrun, kjötiðnaði og innflutningi matvæla, áburðar og fóðurs.

Sláturfélag Suðurlands svf. er með höfuðstöðvar að Fosshálsi 1, Reykjavík. Að Fosshálsi eru skrifstofur, markaðs- og söludeildir félagsins. Á Hvolsvelli er meginhluti kjötiðnaðar staðsettur ásamt dreifingu á framleiðsluvörum félagsins. Félagið rekur slátruhús á Selfossi ásamt úrbeiningu á kjöti og pökkunarstöð.

Dótturfélög Sláturfélags Suðurlands svf. eru tvö. Reykjaragður hf. sem er félag í kjúklingaframleiðslu og sölu á kjúklingaafurðum. Skrifstofa félagsins er í Reykjavík, en afurðavinnsla félagsins fer fram á Hellu í Rangárvallasýslu. Holt og gott ehf., er í framleiðslu og sölu á salati og grænmetisvörum og er starfsstöð félagsins í Reykjavík.

2. Innleiðing á nýjum og endurskoðuðum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS)

Samstæðan hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2017, sem Evrópusambandið hefur staðfest og eiga við um starfsemi hennar. Samstæðan hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast síðar, en heimilt er að taka upp fyrr. Þeir eru annars vegar IFRS 9 um fjármálagerninga og IFRS 15 um tekjur af samningum við viðskiptavinum sem taka gildi 1. janúar 2018 og svo hins vegar IFRS 16 um leigusamninga sem tekur gildi 1. janúar 2019. Áhrif hafa ekki verið metin til fulls en að mati stjórnenda eru áhrifin óveruleg á reikningsskil samstæðunnar.

3. Reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðu er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Sláturfélags Suðurlands svf. er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. . Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan:

Skýringar

- hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni,
- ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þáttöku í fjárfestingunni, og
- getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort að yfirráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á.

Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar að nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar að þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélögum

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi án þess að móðurfélag missi yfirráð eru færðar meðal eigin fjár. Viðeigandi breytingar eru gerðar á eignarhluta móðurfélags og minnihluta svo hlutdeild endurspegli réttan eignarhlut hvors aðila. Mismunur á bókfærðu verði eignarhluta minnihlutans sem breytist og gangvirðis gagngjaldsins er færður meðal eigin fjár.

Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi sem verða til þess að móðurfélag missi yfirráð eru færðar í rekstrarreikning. Hagnaður eða tap er reiknað sem mismunur á gangvirði gagngjaldsins að viðbættu gangvirði eftirstæðs hluta að frádregnu bókfærðu verði eigna og skulda dótturfélagsins og hlutdeildar minnihluta. Þegar eignir dótturfélagsins eru færðar á endurmetnu verði eða gangvirði er uppsafnaður hagnaður eða tap sem fært hefur verið í yfirlit um aðra heildarafkomu endurflokkað yfir í rekstrarreikning eða á óráðstafað eigið fé eftir því sem við á. Eftirstæður eignarhlutur er í upphafi færður á gangvirði á þeim degi sem móðurfélagið missir yfirráð í samræmi við IAS 39 eða eftir því sem við á, á kostnaðarverði ef um er að ræða hlutdeildarfélag eða félag sem lýtur sameiginlegri stjórn.

3.4 Tekjur

Tekjur eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Tekjur af vörusölu

Tekjur af vörusölu eru skráðar þegar vara er afhent og eignarréttur hefur verið fluttur. Öll eftirfarandi skilyrði þarf að uppfylla:

- áhætta og ávinningurinn af eignarrétti vörunnar flyst til kaupanda,
- félagið hefur ekki lengur yfirráð yfir vörunni,
- unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti,
- líklegt þykir að félagið muni hafa efnahagslegan ávinning af viðskiptunum og
- kostnaður sem tengist viðskiptunum liggur fyrir eða hægt er að meta hann með áreiðanlegum hætti.

Tekjur af veittri þjónustu

Tekjur af samningsbundinni þjónustu eru færðar eftir framvindu þjónustunnar.

- innborganir vegna þjónustu eru tekjufærðar í hlutfalli við stöðu samnings á reikningsskiladegi;
- tekjur af þjónustu sem veitt er samhliða vörusölu eru skráðar í hlutfalli við áætlaðan kostnað við að veita þjónustuna.

Arður og vaxtatekjur

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á því tímabili sem úthlutun er samþykkt. Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

Leigutekjur

Sjá umfjöllun í skýringu 3.5.

3.5 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar.

Samstæðan sem leigusali

Leigutekjur af rekstrarleigusamningum eru færðar línulega yfir samningstímann. Kostnaði sem tengist beint samningum og umsýslu vegna rekstrarleigu er bætt við bókfært verð hinnar leigðu eignar og hann er svo gjaldfærður línulega á leigutímanum. Samstæðan er ekki aðili að fjármögnunarleigusamningum sem leigusali.

Samstæðan sem leigutaki

Eignir samkvæmt fjármögnunarleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna á því sem lægra reynist af gangvirði þeirra á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna. Samsvarandi skuld við leigusala er færð í efnahagsreikning.

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar línulega yfir samningstímann. Leiguhvatar vegna rekstrarleigusamninga eru tekjufærðir línulega yfir samningstímann.

3.6 Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli samstæðunnar á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Ópeningalegar eignir sem færðar eru á sögulegu kostnaðarverði eru ekki uppfærðar vegna gengisbreytinga. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

3.7 Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til miðað við aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður er eignfærður og færður í rekstrarreikning á líftíma lána miðað við virka vexti.

3.8 Tekjuskattur

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigin fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigin fé. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar fjárhagsársins.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn samstæðunnar er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestur tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundins mismunar sem verður til við upphaflega skráningu viðskiptavildar.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

3.9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir til eigin nota eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna og færðar í rekstrarreikning. Eignir í fjármögnunarleigu eru afskrifaðar línulega á samningstíma þeirra eða nýtingartíma, hvort sem styttra reynist, nema líklegt þyki að samstæðan muni eignast eignina í lok leigutímans. Lóðir og lönd eru ekki afskrifuð. Upplýsingar um áætlaðan nýtingartíma eigna má finna í skýringu 9.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna telst mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem salan á sér stað.

3.10. Eignarhluti í öðrum félögum

Eignarhluti í öðrum félögum er færður til eigna á kostnaðarverði að teknu tilliti til virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga.

3.11 Virðisrýrnun efnislegra eigna annarra en viðskiptavildar

Samstæðan metur á reikningskiladegi hvort vísbendingar séu til staðar um að efnislegar eignir séu virðisrýrðar. Ef slíkar vísbendingar eru fyrir hendi metur samstæðan endurheimtanleg virði viðkomandi eignar til að ákvarða upphæð virðisrýrnunar (ef einhver er). Ef ekki reynist unnt að meta endurheimtanlegt virði einstaka eigna, er endurheimtanlegt virði minnstu aðgreinanlegu sjóðskapandi einingar sem viðkomandi eign tilheyrir metið.

Endurheimtanlegt virði er gangvirði eignar að frádregnum sölukostnaði eða nýtingarvirði hennar í rekstri, hvort heldur sem hærra reynist. Ef endurheimtanlegt virði eignar (eða sjóðskapandi einingar) er metið vera lægra en bókfært verð, er bókfært verð fært niður í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning nema eignin sé færð samkvæmt endurmatsaðferð. Heimilt er að bakfæra virðisrýrnun á síðari stigum, en þó aldrei umfram bókfært verð viðkomandi eignar (eða sjóðskapandi einingar) hefði virðisrýrnun ekki verið færð.

3.12 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

3.13 Fjáreignir

Fjáreignir samstæðunnar eru lán og kröfur. Lán og kröfur eru fjáreignir sem bera fastar eða ákvarðanlegar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun.

Virkir vextir

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir fjáreignir aðrar en þær sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar við upphaflega skráningu.

Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað

Skýringar

við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun.

Afskráning fjáreigna

Samstæðan afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

3.14 Fjárskuldir

Fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar eru færð í rekstrarreikning.

3.15 Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3.16 Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur eru byggðar á sögulegum gögnum og öðrum viðeigandi þáttum. Endanleg niðurstaða kann að vera frábrugðin þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrif breytinga á reikningshaldslegu mati eru færð á því tímabili sem að matið er endurskoðað og síðari tímabilum ef við á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem mat stjórnenda og reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 9 - mat á líftíma varanlegra rekstrarfjármuna
- Skýring 11 - mat á niðurfærslu birgða
- Skýring 12 - mat á niðurfærslu viðskiptakrafna

4. Rekstrartekjur

	2017	2016
Sala innanlands	11.240.667	11.354.190
Sala erlendis	500.135	505.157
	<u>11.740.802</u>	<u>11.859.347</u>

Helstu viðskiptavinir innanlands eru matvöruverslanir og kjötvinnslur auk bænda, skóla og mótuneyta. Sala erlendis hefur að mestu verið útflutningur til landa eins og Bretlands, Spána, Póllands, Sviss og Hollands. Samstæðan seldi á árinu 2017 24,9% af rekstrartekjum sínum til einnar rekstrarsamstæðu. Á árinu var hlutdeild sömu rekstrarsamstæðu 29,9%.

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	2017	2016
Laun	2.575.987	2.320.465
Lífeyrissjóður	275.509	221.789
Önnur launatengd gjöld	230.735	232.014
Annar starfsmannakostnaður	157.239	156.417
	<u>3.239.471</u>	<u>2.930.685</u>
Stöðugildi að meðaltali	461	456

Laun og hlunnindi til stjórnar og lykilstjórnenda félaga innan samstæðunnar námu um 151,5 millj.kr. (2016: 116,1 millj. kr.), greiðslur í lífeyrissjóði um 28,6 millj.kr. (2016: 21,9 millj.kr.) og eignarhlutur þeirra í B-deild stofnsjóðs er samtals um 1,2 millj.kr. (2016: 1,2 millj.kr.).

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2017	2016
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	30.522	34.898
Arður af hlutabréfaeign	1.895	1.653
Vaxtatekjur og verðbætur af fjárfestingum til gjalddaga	0	1.126
Aðrar vaxtatekjur	5.449	0
	<u>37.866</u>	<u>37.677</u>

Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(356)	(22.484)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	(112.866)	(132.573)
Gengistap	(16.985)	(5.669)
Önnur vaxtagjöld	(16.337)	0
	<u>(146.544)</u>	<u>(160.756)</u>

7. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 35,6 millj.kr. Á árinu 2016 nam gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 138,2 millj.kr. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 nemur 23,5 millj. kr. (2017: 124 millj. kr.).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2017		2016	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	195.735		699.799	
Skatthlutfall	39.147	20,0%	139.960	20,0%
Fenginn arður	(379)	(0,2%)	(331)	0,0%
Vextir A-deildar stofnsjóðs	(3.401)	(1,7%)	(3.227)	(0,5%)
Aðrir liðir	250	0,1%	1.769	0,3%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>35.617</u>	<u>18,2%</u>	<u>138.171</u>	<u>19,7%</u>

Skýringar

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

	2017	2016
Staða í ársbyrjun	(412.420)	(333.699)
Tekjuskattsskuldbinding leiðrétt f.f.ári.....	(720)	(7.596)
Reiknaður tekjuskattur vegna sérstaks endurmats, sbr. skýringu nr. 9	(24.129)	(56.927)
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2017 / 2016	(35.617)	(138.171)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2018 / 2017	23.477	123.973
Staðan í árslok	(449.410)	(412.420)

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2017	31.12.2016
Varanlegir rekstrarfjármunir	(453.313)	(405.918)
Viðskiptakröfur og birgðir	(11.140)	(11.773)
Aðrir liðir.....	5.765	5.271
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	9.278	0
	(449.410)	(412.420)

8. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut:

	2017	2016
Hagnaður ársins á hlut	0,30	1,09

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við eftirfarandi forsendur:

Hagnaður notaður í útreikningi á heildarhagnaði á hlut	160.117	561.628
Vegið meðaltal hlutafjár	525.257	513.916

9. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Vélar og áhöld	Bifreiðar og flutningstæki	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1. 1. 2016	5.557.529	2.510.488	379.249	8.447.266
Yfirfært við kaup á félagi.....	284.635	0	0	284.635
Eignfært á árinu	203.596	180.705	48.660	432.961
Selt og aflagt á árinu	0	(82.768)	(26.198)	(108.966)
Staða 1. janúar 2017.....	6.045.760	2.608.425	401.711	9.055.896
Sérstakt endurmat	120.645	0	0	120.645
Eignafært á árinu	463.483	422.553	62.195	948.231
Selt og aflagt á árinu	0	(8.443)	(58.506)	(66.949)
Staða 31. 12. 2017	6.629.888	3.022.535	405.400	10.057.823

Skýringar

Afskriftir

Staða 1. 1. 2016	2.409.464	1.282.728	212.867	3.905.059
Afskrift ársins	142.663	182.545	46.981	372.189
Selt og aflagt á árinu	0	(82.725)	(21.120)	(103.845)
Staða 1. 1. 2017	2.552.127	1.382.548	238.728	4.173.403
Afskrift ársins	158.001	196.828	44.997	399.827
Selt og aflagt á árin	0	(8.443)	(46.305)	(54.748)
Staða 31. 12. 2017	2.710.128	1.570.933	237.420	4.518.482

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun 2017	3.493.633	1.225.877	162.983	4.882.493
Bókfært verð í árslok 2017	3.919.760	1.451.602	167.980	5.539.341

Nýtingartími eigna 25-50 ár 5-17 ár 5-8 ár

Meðal fasteigna eru lóðir að bókfærðu verði 62 millj.kr. sem eru ekki afskrifaðar (2016: 62 millj.kr.).

Á eignum samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum að eftirstöðvum 1.709 millj.kr. í árslok 2017 (2016: 1.781 millj.kr.). Bókfært verð þeirra eigna sem eru með veð og skuldbindingar eru um 4.520 millj.kr. (2016: 4.720 millj.kr.)

Á árinu 2008 voru fasteignir endurmetnar með hliðsjón af verðmæti sem gert var af Ferli ehf., verkfræðistofu. Matið var byggt á útreikningum á endurkaupsverði að fráðregnum afskriftum, en um sérhæfar eignir er að ræða. Á árinu 2016 voru fasteignir Sláturfélags Suðurlands svf. endurmetnar að nýju af Ferli ehf. og við það hækkaði virði eignanna um 284,6 millj.kr. Á árinu 2017 var fasteign Hollt og gott ehf. endurmetin að nýju og við það hækkaði virði eignarinnar um 120,6 millj. kr.

Upplýsingar um endurmetnar fasteignir í árslok:

	31.12.2017	31.12.2016
Endurmetið bókfært verð	3.919.760	3.493.633
Þar af áhrif sérstaks endurmats	(1.188.109)	(1.112.191)
Bókfært verð án áhrifa endurmats	2.731.651	2.381.442

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti eigna samstæðunnar í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat 2017	Vátrygginga- mat 2017	Fasteignamat 2016	Vátrygginga- mat 2016
Fasteignir og lóðir	3.660.852	9.857.643	3.059.476	8.559.193
Vélar og tæki, eignatryggingar		4.485.640		4.583.100
Aðrar lausafjártryggingar		342.209		254.035
Rekstrarstöðvunartrygging		3.917.761		2.878.752

Skýringar

10. Eignarhlutar í dótturfélögum

Nafn dótturfélags	Staðsetning	Hlutdeild	Atkvæðisréttur	Megin starfsemi
Reykjagarður hf.	Reykjavík/Hella	100%	100%	Framleiðsla og sala á kjúklingum
Hollt og gott ehf.	Reykjavík	100%	100%	Framleiðsla og sala á salati

11. Vörubirgðir

	31.12.2017	31.12.2016
Afurðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur	1.071.274	1.196.477
Áburður, fóður og plast	199.990	128.432
Rekstrarvörur	127.796	88.520
Ýmsar vörur	263.433	244.919
	<u>1.662.493</u>	<u>1.658.348</u>
Tryggingaverðmæti birgða	1.665.074	1.671.679

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 341 millj.kr. (2016: 312 millj.kr.).

Arion banki hf. er með veð í vörubirgðum samstæðunnar að fjárhæð 871 millj.kr. (2016: 717 millj.kr.)

12. Viðskiptakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptakröfur	1.223.155	1.291.983
Erlendar viðskiptakröfur	36.537	41.082
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(73.065)	(90.406)
	<u>1.186.627</u>	<u>1.242.659</u>

Arion banki hf. er með veð í viðskiptakröfum samstæðunnar að fjárhæð 658 millj.kr. (2016: 621 millj.kr.)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Staða í ársbyrjun	(90.406)	(90.406)
Breyting afskriftasjóðs á árinu	11.795	(9.210)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	5.546	9.210
Staða í árslok	<u>(73.065)</u>	<u>(90.406)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast og áætlaðra vöruskila. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Veittur gjaldfrestur samstæðunnar er að meðaltali 32 dagar (2016: 34 dagar).

13. Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2017	31.12.2016
Fyrirframgreiddur kostnaður	36.204	12.137
Fjármagnstekjuskattur	19.897	9.230
Virðisaukaskattur	32.214	9.791
Aðrar skammtímakröfur	<u>11.427</u>	<u>15.878</u>
	<u>99.741</u>	<u>47.036</u>

Skýringar

14. Handbært fé

Við gerð yfirlits um sjóðstreymi, felur handbært fé í sér reiðufé og handbært fé á bankareikningum. Handbært fé sem fram kemur í yfirliti um sjóðstreymi samanstendur af eftirfarandi fjárhæðum:

	31.12.2017	31.12.2016
Bankainnstæður í íslenskum krónum	27.535	442.491
Bankainnstæður í erlendri mynt	128.099	68.455
Sjóður	231	54
	<u>155.866</u>	<u>511.000</u>

15. Hlutfé

Stofnsjóður

Stofnsjóður félagsins skiptist í tvo hluta, A-deild sem er mynduð af séreignarhlutum félagsmanna og B-deild sem er mynduð með sölu á hlutum í þeirri deild. Allt hlutfé í B-deild stofnsjóðs hefur verið greitt inn til félagsins. Í A-deild stofnsjóðs leggst árlega ákveðinn hundradshluti af andvirði afurðainnleggs hvers félagsmanns eftir nánari ákvörðun félagsstjórnar. Stofnsjóður A-deildar kemur til útgreiðslu ef aðilar hætta búskap eða ná 70 ára aldri.

Stofnsjóður A-deildar greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Stofnsjóður í ársbyrjun	340.550	327.134
Stofnsjóðsinngreiðslur á árinu	9.903	10.598
Stofnsjóðsútgreiðslur á árinu	(14.242)	(10.088)
Reiknaðir vextir af A-deild stofnsjóðs - fjármagnstekjuskattur	13.603	12.906
	<u>349.815</u>	<u>340.550</u>

Stofnsjóður B-deildar greinist þannig:

	Hlutfall	31.12.2017	31.12.2016
Heildarhlutfé í árslok	100,00%	200.000	200.000
Eigin hlutir í árslok	(9,96%)	(19.926)	(19.926)
	<u>90,04%</u>	<u>180.074</u>	<u>180.074</u>

Á árinu 2017 var samkvæmt ákvörðun aðalfundar félagsins greiddur arður vegna B-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 21,8 millj.kr. og reiknaðir vextir vegna A-deildar stofnsjóðs að fjárhæð 17 millj.kr. Á árinu 2016 nam greiddur arður 21,6 millj.kr. og reiknaðir vextir 16,1 millj.kr. Um nánari greiningu á eiginfjárreikningum er vísað til yfirlits um eigið fé.

Yfirverðsreikningur hlutafjár og lögbundinn varasjóður

Yfirverð innborgaðs hlutafjár er fjárhæð sem eigendur B-deildar stofnsjóðs hafa greitt umfram nafnverð B-deildar stofnsjóðs sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um samvinnuhlutafélög skal félagið binda 25% nafnverð stofnsjóða í varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð.

Annað bundið eigið fé

Bundið eigið fé tengist endurmati á fasteignum félagsins og sýnir óafskrifaðan hluta endurmatsins að frádregnum tekjuskatti. Bundið eigið fé inniheldur einnig hlutdeild í uppsöfnuðum hagnaði dótturfélaga sem er umfram úthlutaðan arð frá dótturfélögum á hverju ári.

Skýringar

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Sérstakt endurmat	Hagnaður dótturfélaga	Samtals
Staða 1.1.2016	683.134	0	683.134
Sérstakt endurmat fasteigna	227.708		227.708
Sérstakt endurmat millifært	(28.608)		(28.608)
Hagnaður dótturfélaga		377.754	377.754
Úthlutaður arður		(22.600)	(22.600)
Staða 1.1.2017	882.234	355.154	1.237.388
Sérstakt endurmat fasteigna	105.997		105.997
Sérstakt endurmat millifært	(31.709)		(31.709)
Hagnaður dótturfélaga		165.070	165.070
Úthlutaður arður		(75.500)	(75.500)
Staða 31.12.2017	956.522	444.724	1.401.246

Óráðstafað eigið fé

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður óráðstafaður hagnaður, að fráðregnum arðgreiðslum, reiknuðum vöxtum og öðrum eiginfjárfærslum.

16. Langtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir við lánastofnanir	411.968	441.768
Skuldir við lífeyrissjóði	1.293.140	1.312.747
Skuldir við aðra	3.459	13.814
	1.708.568	1.768.329
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(84.502)	(84.324)
Langtímaskuldir í árslok	1.624.066	1.684.005

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Afborganir 2018/2017	84.502	84.324
Afborganir 2019/2018	85.840	86.939
Afborganir 2020/2019	86.504	85.053
Afborganir 2021/2020	88.451	85.030
Afborganir 2022/2021	91.336	86.994
Afborganir síðar	1.271.934	1.340.039
	1.708.568	1.768.329
Vaxtakjör lána	0,0% - 5,4%	0,0% - 7,5%

Eignir félagsins eru veðsettar vegna langtímaskulda og áfallna vaxta að fjárhæð 1.709 millj.kr. í árslok 2017 (2016: 1.781 millj.kr.).

Skýringar

17. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir:	31.12.2017	31.12.2016
Innlendar viðskiptaskuldir	431.493	363.941
Erlendar viðskiptaskuldir	38.161	57.797
	<u>469.654</u>	<u>421.738</u>

18. Aðrar skuldbindingar

	31.12.2017	31.12.2016
Skuld vegna fjárfestinga	92.463	0
	<u>92.463</u>	<u>0</u>

Sláturfélag Suðurlands svf. gerði á árinu 2017 samning um byggingu fasteigna á Hvolsvelli og hófust framkvæmdir á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki á árinu 2018.

19. Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2017	31.12.2016
Skuldir við lánastofnanir	37.752	36.819
Skuldir við lífeyrissjóði	44.444	41.642
Aðrar langtímaskuldir	2.306	5.863
	<u>84.502</u>	<u>84.324</u>

20. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2017	31.12.2016
Ógreitt fyrir afurðir	23.766	29.933
Fyrirframinnheimtar tekjur	165.390	199.031
Ógreidd opinber gjöld	935	54.089
Ógreiddur VSK í tolli	62.327	2.324
Virðisaukaskattur	37.437	52.529
Ógreidd laun og launatengd gjöld	283.684	225.852
Ógreiddur arður.....	3.426	3.093
Ógreiddir áfallnir vextir	3.949	4.934
Aðrar skuldir	20.469	67.446
	<u>601.562</u>	<u>639.231</u>

21. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Sláturfélag Suðurlands svf. gerði á árinu 2017 samning um byggingu fasteigna á Hvolsvelli og hófust framkvæmdir á árinu 2017. Sá hluti af fjárfestingunni sem er ógreidd var eignfærð meðal varanlegra rekstrarfjármuna og færð til skuldar því fjárfestingin kemur til greiðslu á árinu 2018. Fjárfestingin hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreymi.

Skýringar

22. Fjármálagerningar

22.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2017	31.12.2016
Bankareikningar	155.866	511.000
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	1.206.524	1.251.889
Eignarhlutir í félögum	13.150	7.675
	<u>1.375.539</u>	<u>1.770.564</u>
Fjárskuldir	31.12.2017	31.12.2016
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	1.071.216	1.060.969
Skuldir við lánastofnanir ofl.	1.708.568	1.768.329
	<u>2.779.784</u>	<u>2.829.298</u>

Það er mat stjórnenda samstæðunnar að bókfært verð fjárskulda og fjáreigna samstæðunnar sé um það bil jafnt gangvirði þeirra. Samstæðan hefur ekki lagt mat á virði óskráðra félaga í sinni eigu.

22.2 Áhættustýring

Stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri samstæðunnar. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar: vaxtaáhætta, gjaldmiðlaáhætta, útlánaáhætta og lausafjárahætta.

22.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Áhættunni eru stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun.

Vaxtaáhættan nær til vaxtaberandi eigna og skulda samstæðunnar. Vaxtaberandi eignir og skuldir félagsins skiptast á milli fastra vaxta og breytilegra. Vaxtaberandi eignir og skuldir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingar á vöxtum sem leiða til breytinga á gangvirði þeirra eigna og skulda og hafa því ekki áhrif á bókfært verð. Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti.

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5,0% hækkun vaxta á vaxtaberandi eignir og skuldir hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé.

Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun vaxta hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2017		31.12.2016	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Áhrif á afkomu og eigið fé	(3.375)	(6.750)	(2.538)	(5.075)

Skýringar

22.4 Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gjaldmiðlaáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með þróun gjaldmiðla.

Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar samstæðunnar sem mest áhrif hafa á rekstur hennar. Upplýsingar um gengi og útreikning á flókti taka tillit til sölugengis.

Gjaldmiðlar	Sölugengi í árslok		Breyting
	2017	2016	2017/2016
EUR	125,4	119,5	4,9%
GBP	141,3	139,3	1,4%
DKK	16,8	16,1	4,3%
NOK	12,8	13,1	(2,3%)
USD	104,7	113,1	(7,4%)
Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2017	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli	164.637	38.161	126.476
Gjaldmiðlaáhætta 31.12.2016	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli	109.537	57.797	51.740

Næmnigreining

Í töflunni hér á eftir er sýnt hver áhrif af 2,5% og 5,0% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðlum á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá skiptingu erlendra eigna og skulda eftir myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gjaldmiðlaáhhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2017		31.12.2016	
	2,5%	5,0%	2,5%	5,0%
Áhrif á afkomu og eigið fé	2.530	5.059	1.035	2.070

22.5 Útlánaáhætta

Í útlánaáhhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhhættu. Hámarksútlánaáhhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að neðan.

Hámarksútlánaáhhætta greinist þannig:

	31.12.2017	31.12.2016
Viðskiptakröfur	1.186.627	1.242.659
Aðrar kröfur	19.897	9.230
Bankainnstæður	155.866	511.000
	1.362.389	1.762.889

Skýringar

22.6 Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Fjárhæðir eru ekki núvirtar. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga.

	Innan eins árs	2019	2020+	Samtals
Skuldir 31.12.2017				
Óvaxtaberandi	1.073.523	1.153	0	1.074.676
Með fljótandi vöxtum	168.655	38.061	336.155	542.871
Með föstum vöxtum	44.444	46.626	1.202.070	1.293.140
	<u>1.286.621</u>	<u>85.840</u>	<u>1.538.225</u>	<u>2.910.686</u>

Eignir 31.12.2017

Óvaxtaberandi	1.238.737	0	0	1.238.757
Með fljótandi vöxtum	155.866	0	0	155.866
Með föstum vöxtum	0	0	0	0
	<u>1.394.603</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.394.603</u>
Hrein staða 31.12.2017	<u>107.982</u>	<u>(85.840)</u>	<u>(1.538.225)</u>	<u>(1.516.083)</u>

	Innan eins árs	2018	2019+	Samtals
Skuldir 31.12.2016				
Óvaxtaberandi	1.060.969	0	0	1.060.969
Með fljótandi vöxtum	41.588	35.325	335.316	412.229
Með föstum vöxtum	49.281	51.613	1.261.749	1.362.643
	<u>1.151.838</u>	<u>86.938</u>	<u>1.597.065</u>	<u>2.835.841</u>

Eignir 31.12.2016

Óvaxtaberandi	1.289.695	0	0	128.695
Með fljótandi vöxtum	511.000	0	0	511.000
	<u>1.800.695</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.800.695</u>
Hrein staða 31.12.2015	<u>648.857</u>	<u>(86.938)</u>	<u>(1.597.065)</u>	<u>(1.035.146)</u>

23. Endurskoðunarkostnaður

Endurskoðunarkostnaður sundurgreinist þannig:

	2017	2016
Vinna vegna endurskoðunar	14.685	13.890
Önnur vinna	5.350	5.855
	<u>20.035</u>	<u>19.745</u>

24. Önnur mál

Arion banki er með veð í öllum eignum Reykjararðs hf. vegna skulda þess félags við bankann.

24. Samþykki ársreiknings

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur af forstjóra og stjórn félagsins og leyfður til birtingar þann 22. febrúar 2018.



Sláturfélag Suðurlands svf. (SS) er samvinnufélag. Um félagið gilda lög um samvinnufélög.¹ Leiðbeiningar Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja taka ekki að öllu leyti tillit til starfshátta samvinnufélaga sem eru í sumum veigamiklum atriðum ólík hlutafélögum. Af þessum sökum fylgir SS ekki að öllu leyti leiðbeiningum Kauphallarinnar um stjórnarhætti fyrirtækja.

FÉLAGSFUNDIR

Félagsfundir hafa æðsta vald í málefnum félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir SS ákveða. Til félagsfunda, þ.m.t. aðalfunda þarf að boða með minnst 14 daga fyrirvara og skal dagskrá fundarins getið í fundarboði.

Stjórn skal auglýsa með opinberum hætti eftir framboðum til stjórnar og varastjórnar með lok framboðsfrests þremur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjör fer fram. Stjórn skal tilkynna aðalfundarfulltrúum með auglýsingu eða dreifibréfi (rafpósti) um hverjir eru frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar ekki síðar en tveimur vikum fyrir félagsfund þar sem stjórnarkjörið fer fram. Á félagsfundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, er ávallt heimilt að tilnefna fólk til stjórnarstarfa sem ekki er á auglýstum framboðslista allt þar til sjálf kosningin fer fram.

Í fundarboði kemur ekki fram tillaga um fundarstjóra enda ekki til staðar sérstök tilnefningarnefnd. Fundargerðir félagsfunda eru sendar fulltrúum sem sitja félagsfundi. Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á félagsfundi.² Hlutaskrá B-deildar stofnsjóðs er aðgengileg. Á vefsíðu félagsins eru birtar upplýsingar um 20 stærstu eigendur B-deildar.

STJÓRN

Stjórn SS ræður öllum málum félagsins milli félagsfunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Stjórnin gætir þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu horfi og að nægjanlegt eftirlit sé með bókhaldi og fjármunum. Stjórn SS er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%.³ Vegna eðlis SS sem samvinnufélags eru stjórnarmenn jafnframt innleggjendur afurða og þar með félagsmenn.

Formaður félagsstjórnar stýrir stjórnarfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði eru jöfn, telst meirihluti þeim megin sem atkvæði formanns er. Stjórn dótturfélagsins Reykjagarðs hf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa þrír stjórn félagsins. Stjórn dótturfélagsins Holtt og gott ehf. er skipuð tveimur af stjórnarmönnum SS en alls skipa fjórir stjórn félagsins.

Stjórn SS og dótturfélög þess, Reykjagarður hf. og Holtt og gott ehf. hafa sett sér starfsreglur sem byggja á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins. Í starfsreglunum er fjallað nánar um hlutverk og störf stjórna félaganna.

Upplýsingar um áhættustýringu er að finna í skýringu 22.2 í ársreikningi þar sem m.a. kemur fram að stjórnendur samstæðunnar fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri samstæðunnar. Í skýringu 22 er greining á áhættu tengdri fjármálagæringum.

FORSTJÓRI

Forstjóri er ráðinn af stjórn SS og annast hann daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu og fyrirmæli félagsstjórnarinnar og félagsfundar.⁴ Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur forstjóri aðeins gert með samþykki stjórnarinnar. Það er jafnframt hlutverk forstjóra að starfsemi félagsins sé í samræmi við samþykktir félagsins og gildandi löggjöf þannig að hagsmunir félagsins séu hafðir að leiðarljósi.

¹ Lög um samvinnufélög nr. 22/1991.

² 23. gr. samþykktá Sláturfélags Suðurlands svf.

³ 27. gr. samþykktá Sláturfélags Suðurlands svf., sjá nánar skilyrði.

⁴ 29. gr. samþykktá Sláturfélags Suðurlands svf.

ENDURSKOÐENDUR, KJÖRNIR SKOÐUNARMENN OG ENDURSKOÐUNARNEFND

Á aðalfundi SS er kjörinn löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarfélag og á aðalfundi 2017 var Deloitte hf. kjörinn endurskoðandi félagsins. Deloitte hf. er jafnframt endurskoðandi dótturfélaganna, Reykjagarður hf. og Holt og gott ehf.

Á aðalfundi SS eru einnig kjörnir skoðunarmenn til tveggja ára í senn og ganga þeir út sitt hvort árið. Á sama hátt eru kjörnir tveir skoðunarmenn til vara. Skoðunarmenn skulu vera úr hópi félagsaðila utan stjórnar. Skoðunarmenn skulu yfirfara rekstur félagsins og ársreikning, fylgjast með að innra eftirlit í rekstri félagsins sé í góðu lagi og fylgjast með framkvæmd samþykkt félagsfunda og stjórnar. Þeir gefa aðalfundi skýrslu um störf sín.

Stjórn SS skipaði endurskoðunarnefnd á árinu 2009 og setti henni starfsreglur en endurskoðunarnefndin er undirnefnd stjórnar. Endurskoðunarnefndina skipa skoðunarmenn félagsins og einn stjórnarmaður. Með þessu hefur starfssvið kjörinna skoðunarmanna verið fært inn í endurskoðunarnefndina, sem starfar sem samskiptaaðili milli stjórnar félagsins, stjórnenda og ytri endurskoðenda. Meginverkefni nefndarinnar er að aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli félagsins og innra eftirliti hans ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda félagsins.

AÐRAR NEFNDIR

Á aðalfundi SS er kosin nefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að launum stjórnar, skoðunarmanna og greiðslur til fulltrúa á félagsfundum. Sérstök starfskjaranefnd með víðtækara hlutverk hefur ekki talin vera ástæða til að skipa þar sem stjórn félagsins ræður forstjóra félagsins og ákveður kjör hans. Forstjóri ræður aðra starfsmenn. Þó skal forstjóri hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu starfsmanna í stjórnunarstöður.

Ekki hefur verið skipað sérstök tilnefningarnefnd til að koma með tilnefningu stjórnarmanna þar sem samþykktir félagsins kveða á um að þeir skulu kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn.⁵

⁵ Í mgr. 27. gr. samþykkt Sláturfélags Suðurlands svf.

Stefnulýsing og starfshættir

„SS er leiðandi matvælafyrirtæki sem framleiðir og selur matvörur og vörur tengdar matvörum á heildsölustigi. Leiðandi staða skal varin með því að bjóða viðskiptavinum vörur sem skara fram úr á markaði og eru einn af þremur leiðandi valkostum í hverjum flokki. Hagnaður af rekstri og góð ímynd er grundvöllur forystu svo félagið sé hverju sinni „Fremst fyrir bragið“ í huga viðskiptavina.“

STARFSHÆTTIR

Í samræmi við tilgang og stefnu félagsins hafa verið skilgreindir lykil starfshættir eða gildi sem félagið leggur til grundvallar í starfsemi og samkeppni á markaði. Tilgangur skilgreindra starfshátta er að varða þá leið sem félagið fer til árangurs og velgengni.

Starfsháttunum er skipt í eftirfarandi fimm þætti:

FRUMKVÆÐI

Til að halda forystu á markaði þarf frumkvæði til að gera nýja hluti og vera leiðandi. Á markaði látum við hlutina gerast með nýjum vörum, nýrri þjónustu og bjóðum viðskiptavinum okkar verðmæti í viðskiptum sem taka fram því sem keppinautar bjóða. Með þeim hætti einum getum við tryggt stöðu okkar.

Inn á við höfum við frumkvæði til að gera sífellt betur, jafnt stjórnendur sem og annað starfsfólk. Ekkert er gert eingöngu af því að það hafi alltaf verið gert eins áður. Umhverfið breytist í sífellu og við þurfum að breytast með og á undan öðrum. Það eina sem breytist ekki er þörfin á sífelldri endurskoðun og sífelldum breytingum.

Við höfum frumkvæði til að leita nýrra leiða til að auðvelda okkur verkin og skapa aukin verðmæti starfsfólki og fyrirtæki til góða.

SAMVINNA

Heildin er sterkari en einstaklingarnir. Með því að vinna saman að sameiginlegu markmiði náum við árangri. Fyrirtækið er óslitin keðja þar sem reynir á hvern hlekk. Samvinna deilda og samvinna starfsfólks skapar árangursríkan og skemmtilegan vinnustað. Starfsfólk stefnir fram á við og vilja vaxa í starfi og njóta til þess samvinnu og stuðnings fyrirtækisins.

Í keppni á markaði erum við metin sem heild og það er frammistaða heildarinnar sem skiptir höfuðmáli gagnvart viðskiptavinum.

GÆÐI

Okkur er treyst til að framleiða og dreifa matvælum til neytenda. Þessu trausti fylgir sú ábyrgð að vanda til verka, standa undir nafni og styðja og styrkja það álit sem við njótum á markaði. Gott mannorð starfsfólks og fyrirtækis er gulls ígildi. Í allri starfsemi höfum við gæði að leiðarljósi með það að markmiði að gera hvern hlut aðeins einu sinni og gera hann rétt.

ÞJÓNUSTA

Þjónusta snýst um að viðskiptavinir fái vörur með réttum hætti, að samskipti þeirra við félagið séu ánægjuleg og árangursrík og að mætt sé þörfum þeirra innan þeirra marka sem félagið setur sér. Þjónusta lýtur einnig að því að sjá fyrir þarfir viðskiptavina og bjóða þeim með þeim hætti aukin verðmæti í viðskiptum við félagið.

Þjónusta snýr einnig inn á við að eigendum og samstarfsfólki, styrkir samvinnu og gerir kröfu um gagnkvæma virðingu í samskiptum jafnt inn á við sem út á við.

RÁÐDEILD

Við sýnum ráðdeild í rekstri og bruðlum ekki með fjármuni félagsins. Vinnuumhverfi og búnaður skal uppfylla ströngustu kröfur en ekki vera ofhlaðið eða bera með sér íburð. Samstarfsmenn, eigendur og viðskiptavinir skulu sjá á öllu framferði okkar að vel sé farið með fjármuni. Hagkvæmni og ráðdeild skapa virðingu.

Félagsdeildir og formenn 31.12.2017



ÖRÆFADEILD	Gunnar Sigurjónsson, Litla-Hofi
HÖRGLANDSDEILD	Jón Jónsson, Prestsbakka
KIRKJUBÆJARDEILD	Sverrir Gíslason, Kirkjubæjarklaustri 2
SKAFTÁRTUNGUDEILD	Bergur Sigfússon, Austurhlíð
ÁLFTAVERS- OG MEÐALLANDSDEILD	Guðbrandur Magnússon, Syðri-Fljótum
HVAMMSDEILD	Jónas Erlendsson, Fagradal
DYRHÓLADEILD	Einar Magnússon, Norður-Hvoli
A-EYJAFJALLADEILD	Sigurður Sigurjónsson, Ytri-Skógum
V-EYJAFJALLADEILD	Baldur Björnsson, Fitjamýri
A-LANDEYJADEILD	Axel Þór Sveinbjörnsson, Hólmum
V-LANDEYJADEILD	Brynjólfur Bjarnason, Lindartúni
FLJÓTSHLÍÐAR- OG HVOLHREPPSDEILD	Kristinn Jónsson, Staðarbakka
RANGÁRVALLADEILD	Guðmundur Ómar Helgason, Lambhaga
HOLTA- OG LANDMANNADEILD	Stefán Sigurðsson, Þjóðólfsdaga
ÁSA- OG DJÚPÁRDEILD	Birkir Ármannsson, Brekku
GAULVERJABÆJARDEILD	Þorsteinn Ágústsson, Syðra-Velli
ÁRBORGARDEILD	Björn Harðarson, Holti I
HRAUNGERÐISDEILD	Þormóður Ólafsson, Hjálmholti
VILLINGAHOLTSDEILD	Einar Hermundsson, Egilsstaðakoti
SKEIÐADEILD	Hermann Þór Karlsson, Efri-Brúnavöllum I
GNÚPVERJADEILD	Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga
HRUNAMANNADEILD	Jóhanna Briet Ingólfsdóttir, Hrafnkelsstöðum I
BISKUPSTUNGNADDEILD	Kjartan Sveinsson, Bræðratungu
LAUGARDALSDEILD	Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum
GRÍMSNESDEILD	Björn Snorrason, Björk 2
ÞINGVALLA- OG GRAFNINGSDEILD	Halldór Kristjánsson, Stíflisdal
ÖLFUSDEILD	Halldór Guðmundsson, Nautafötum
KJÓSARDEILD	Guðmundur H. Davíðsson, Miðdal
HVALFJARÐARDEILD	Kristín Helga Ármannsdóttir, Ytra-Hólmi I
BORGARFJARÐAR- OG MÝRARDEILD	Magnús Þór Eggertsson, Ásgarði
DALADEILD	Unnsteinn Hermannsson, Leiðólfsstöðum
SNÆFELLS- OG HNAPPADALSDEILD	Ásbjörn Pálsson, Syðri-Haukatungu II



Sláturfélag Suðurlands svf
Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík